



FUNDARGERÐ

32. fundur Odda bs

**haldinn Suðurlandsvegi 1-3 , miðvikudaginn 4. desember 2024
og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Eggert Valur Guðmundsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Ísleifur Jónasson, Valtýr Valtýsson og Jón G. Valgeirsson.

Fundargerð ritaði: Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri.

Ingvar Pétur sat fundinn í fjarfundi.

Dagskrá:

1. Rekstraryfirlit Odda bs. 2024 - 2402043

Klara Viðarsdóttir, fjármálastjóri kynnti yfirlit fyrir jan.-okt. 2024. Reksturinn er í ágætu samræmi við áætlun. Fyrir liggur samkomulag um launahækkanir kennara frá og með 1. júní sem mun hafa áhrif á endanlega rekstrarniðurstöðu.

2. Gjaldskrá Odda bs. 2025 - 2410071

Lögð fram uppfærð gjaldskrá fyrir Odda bs fyrir árið 2025.

Gjaldskráin samþykkt samhljóða og tekur gildi 1. janúar 2025.

3. Fjárhagsáætlun Odda bs. 2025 - 2409017

Lögð er fram og rædd tillaga að fjárhagsáætlun 2025 fyrir Odda bs. eftir breytingar sem gerðar voru á henni frá síðasta fundi stjórnar vegna hagræðingarkröfu.

Gert er ráð fyrir að heildarkostnaður sveitarfélaganna vegna Odda bs verði kr. 1.698.713.000. Framlögin skiptast þannig að hlutur Rangárþings ytra verður kr. 1.504.722.269 og hlutur Ásahrepps kr. 193.990.731. Áætlunin miðar við fjölda grunn- og leikskólabarna þann 1. október 2024 sem er 270 grunnskólabörn og leikskólabörn sem telja 148,7 barngildi. Tillaga er um að samþykkja fjárhagsáætlun 2025 fyrir Odda bs.

Samþykkt samhljóða.

4. Skólastjórar Odda bs. Stöðuyfirlit. - 2401049

Á fundinn mæta Sigrún Björk Benediktsdóttir leikskólastjóri á Laugalandi og Ingigerður Stefánsdóttir leikskólastjóri Heklukots og fara yfir stöðu mála í sínum skólum.

Stjórn þakkar skólastjórunum fyrir upplýsingarnar.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "MHG" and "M.O.".

5. Námsleyfi starfsmanna leik- og grunnskóla - 2311065

Lögð fram drög að endurskoðuðum reglum um styrki til nema í leikskólafræðum á starfssvæði Odda bs. og drög að reglum um styrki til nema í grunnskólafræðum í grunnskólum á starfssvæði Odda bs.

Lagt til að vinna reglurnar áfram fram að næsta stjórnarfundi.

Samþykkt samhljóða.

6. Mannauðsstefna 2024 - 2410054

Lögð fram drög að mannauðsstefnu til kynningar.

7. Námsvist utan Rvk 2024-2025 - 2411029

Trúnaðarmál

Fært í trúnaðarmálabók.

8. Grunnskólinn Laugalandi. Starfsmannamál - 2411060

Trúnaðarmál.

Fært í trúnaðarmálabók.

9. Rekstrarkostnaður leikskóla 2023 - 2411056

Farið var yfir samantekt Sambands íslenskra sveitarfélaga um rekstrarkostnað leikskóla á Íslandi fyrir árið 2023. Þar kemur fram að nettórekstrarkostnaður án innri leigu á heildsígildi í Leikskólanum Heklukoti er kr. 3.619.545 (brúttó kr. 3.968.301), en var 2022 kr. 3.082.000 (brúttó kr. 3.357.000), og Leikskólanum Lauglandi kr. 3.603.564 (brúttó kr. 4.078.030), en var 2022 kr. 2.858.000 (brúttó kr. 3.201.000).

10. Rekstrarkostnaður Grunnskóla 2023 - 2411055


Farið var yfir samantekt Sambands íslenskra sveitarfélaga um rekstrarkostnað grunnskóla á Íslandi á árinu 2023. Þar kemur fram að nettórekstrarkostnaður án innri leigu og áhrifa skólaaksturs á nemanda í Grunnskólanum á Hellu er kr. 2.646.103, (2022 kr. 2.585.000) og Laugalandsskóla kr. 2.754.623, (2022 kr. kr. 2.092.000).

Lagt fram til kynningar.

Gert er ráð fyrir að næsti fundur stjórnar Odda bs. verði miðvikudaginn 29. janúar 2025.


Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:15.




Margrét Harpa Guðsteinsdóttir


Eggert Valur Guðmundsson


Ingvar Pétur Guðbjörnsson


Ísleifur Jónasson

